

afla eftirtalinna gagna, áður en málið er dæmt í Hæstarétti:

1. Skýrslu síðustu stjórnarmanna Sun House A/S Ltd. um aðild félagsins að málsókn þessari og um það, hvort krafa félagsins samkvæmt gerðardóminum 30. júní 1977 hafi verið enn í eigu félagsins við upphaf málsóknar þessarar eða hvort eigendaskipti hafi orðið að henni undir rekstri málsins.
2. Skýrslu skilaneftndar Sun House A/S Ltd. um það, hvort fjárhæðir þær, sem félaginu voru úrskurðaðar og það var úrskurðað til að greiða með áðurgreindum gerðardómi, hafi verið taldar meðal eigna og skulda félagsins, er því var slitið, eða séu taldar það nú.
3. Annarra þeirra gagna, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 60/1980. **Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar**
f. h. **bæjarsjóðs**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Steindóri Árnasyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Stjórnsýsla. Sjálfataka. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu

9. apríl 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. mars s. á. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.846.57 krónur (nýkr.) með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í gagnsök í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að frá 1. desember 1979 verði vextir af hinni dæmdu fjárhæð 31% ársvextir til 31. maí 1980, en 35% ársvextir frá 1. júní s. á. til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ljóst er, að magnaður rottugangur var í hæsnahúsi stefnda, sem Ingólfur Hannesson hafði á leigu eftir fráfall fyrri leigutaka, Sigurgeirs Áskelssonar. Eftir að lokið var brottflutningi hæsnanna úr húsinu um miðjan júlí 1976, brá stefndi eigi svo skjótt við um ráðstafanir til eyðingar rottunum sem vænta mátti af honum eftir skoðunina 25. júní 1976, en þá virðist hann hafa fallist á að gera viðhlítandi ráðstafanir vegna ófagnaðar þessa, jafnskjótt og hæsnin hefðu verið flutt. Ásmundur Reykdal Kristjánsson eittraði þó fyrir rottur í húsinu hvað eftir annað án atbeina eða tilverknaðar stefnda dagana 25. júlí til 4. ágúst, og bar sú eitrun tilætlaðan árangur. Ekki hefur verið sýnt fram á, að svo stórfelld hætta hafi stafað af þeirri eitrun eða af dauðum rottum, að heimilt hafi verið með stoð í ákvæðum laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, sbr. og heilbrigðissamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp nr. 59/1961, eða samkvæmt öðrum réttarreglum að leggja eld í húsið án undangenginnar tilkynningar til stefnda, svo sem gert var að morgni 7. ágúst 1976. Og þar sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ber ábyrgð á þeirri aðgerð samkvæmt samþykkt sinni 11. ágúst 1976, þykir stefndi eiga rétt til skaðabóta úr hendi áfrýjanda fyrir tjón, sem af hlaust.

Svo sem greinir í héraðsdómi, eru gögn um tjón stefnda eigi svo glögg, að ætlast verði á um fjárhæð þess með vissu.

Eins og hér stendur á, þykir rétt að láta sitja við ákvörðun héraðsdómara á bótafjárhæðinni. Ber samkvæmt framan-sögðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en ekki þykir efni til að leyfa hækkun vaxtakröfunnar, enda hefur málinu ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Steindóri Árnasyni, 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 11. september 1979.

1.0.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, var upphaflega höfðað af hálfu Seltjarnarneskaupstaðar á hendur Steindóri Árnasyni á bæjarþingi 14. desember 1976.

Steindór höfðaði gagnsök á bæjarþingi 22. mars 1977, þar sem mætt var af hálfu bæjarins og fyrirtaka málsins samþykkt.

Báðum sökum var vísað frá héraðsdóminum með dómi 19. desember 1978. Frávísunardóminum var hrundið með dómi Hæstaréttar 8. mars 1979. Hin upphaflega aðalsök var hafin vegna útivistar 5. júní 1979.

Gagnsökkin, sem hafði verið höfðuð til sjálfstæðs dóms, stóð þá eftir og krafa bæjarins um sýknu og málskostnað. Þann 22. júní var síðan höfðuð gagnsök af hálfu bæjarins á bæjarþingi, þar sem mætt var af hálfu Steindórs Árnasonar og fyrirtaka gagnsakarinnar samþykkt.

Aðalstefnandi, Steindór Árnason, Öldugötu 53, Reykjavík, krefst bóta fyrir verðmæti, er eyddust í bruna, sem staðið var fyrir af hálfu gagnstefnanda 7. ágúst 1976.

Gagnstefnandi krefst greiðslu kostnaðar vegna eyðingar á hænsnahúsi aðalstefnanda í nefndum bruna.

2.1.

MÁLAVEXTIR.

Aðalstefnandi átti hæsnahús í landi Nýjabæjar við götuna Sefgarða í Seltjarnarneskaupstað, sem hann hafði leigt Ingólfi nokkrum Hannessyni undir hæsnabú.

Um mánaðamótin nóvember—desember 1975 virðist hafa verið brotist inn í húsið um glugga og síðan margsinnis fram á annan í jólum. Voru unnar skemmdir á húsinu, rúður brotnar og þannig búið um brynningartæki, að vatn flóði úr þeim um hæsnastíurnar. Þótt reynt væri að byrgja glugga, sem rúður höfðu verið brotnar í, virðast rottur hafa komist í húsið á þessu tímabili. Um vorið 1976 endurtóku sig líkir atburðir. Kvartað var úr nálægum húsum yfir rottugangi, og varð það að ráði um miðjan júní 1976, að hæsnin yrðu flutt úr húsinu.

Mál þetta var rætt í heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 22. júní 1976, og var ákveðið, að formaður nefndarinnar kynnti sér málavexti.

Skúli Júlíusson, formaður nefndarinnar, tilkynnti gagnstefnanda með bréfi 22. júní 1976, að nefndinni hefðu borist kvartanir vegna óprifnaðar og rottugangs í og við hæsnahúsið, og óskaði eftir skoðun á húsinu. Skoðun þessi fór síðan fram 25. júní 1976, og tóku þátt í henni Skúli Júlíusson, Ingimundur K. Helgason varðstjóri og Ásmundur Reykdal meindýraeyðir. Sama dag skrifaði heilbrigðisfulltrúinn skýrslu um athuganir þeirra, og þann sama dag ritaði bæjarfógeti heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar bréf, þar sem segir:

„Hérmeð sendist heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar til athugunar og viðeigandi meðferðar skýrsla lögreglunnar á Seltjarnarnesi ásamt skýrslu rannsóknarlögreglu og ljósriti af skýrslu meindýraeyðis ásamt myndaspjaldi varðandi ásigkomulag hæsnahúss Steindórs Árnasonar við Sefgarða á Seltjarnarnesi, óprif þar og rottugang, en nauðsyn er talin á skjótum aðgerðum. Ljósrit af skýrslu Jóhannesar Long, heilbrigðisfulltrúa, dagsett í dag, varðandi þetta mál, fylgir.“

Einungis var einn nefndarmanna heilbrigðisnefndar, Gunnlaugur Árnason, viðlátinn á þessum tíma, og kom Ingimundur K. Helgason varðstjóri bréfi þessu ásamt meðfylgjandi gögnum til hans. Bæjarstjóri var í sumarfríi á þessum tíma, og leitaði Gunnlaugur til Magnúsar Erlendssonar, forseta bæjarstjórnar. Báru þeir síðan saman ráð sín Magnús, Gunnlaugur og Ingi-

mundur og höfðu samráð við meiri hluta bæjarstjórnar. Niðurstaðan af umræðum þessum var sú, að hæsnahúsið skyldi brennt og jafnað yfir lóðina með jarðvegi. Ingimundur hafði samband við slökkviliðið í Reykjavík, sem annast brunaútköll á Seltjarnarnesi, og bað um aðstoð. Klukkan 0930 þann 7. ágúst 1976 lagði slökkviliðið af stað á vettvang. Um það bil klukkustundu síðar var gagnstefnanda sent símskeyti, undirritað af forseta bæjarstjórnar f. h. bæjaryfirvalda, um, að hæsnakofar hans við Sefgarða yrðu eyddir með eldi þann dag sökum geysilegrar smíthættu af eitri og rottumaur. Þennan dag var húsið brennt ásamt öllu því, sem í því var, rústirnar fjarlægðar og jarðvegi jafnað yfir lóðina.

Á fundi bæjarstjórnar 8. september 1976 var gerð svofelld ályktun:

„Bæjarstjórn staðfestir aðgerðir lögreglu og heilbrigðisyfirvalda varðandi hæsnakofa Steindórs Árnasonar í landi Nýjabæjar, en aðgerðir þessar voru framkvæmdar 7. þ. m.

Skýrslur frá lögreglu og heilbrigðisyfirvöldum liggja fyrir hjá skrifstofu bæjarstjóra.“

Næsta dag sendi gagnstefnandi aðalstefnanda reikning, en hann hafði áður í skeyti, dagsettu 17. ágúst, áskilið sér allan rétt á hendur bæjarstjórn í sambandi við brunann.

Óumdeilt er, að húsið stóð á eignarlóð. Lóð þessi var þannig löguð, að hún féll ekki inn í skipulag.

Þann 19. október 1976 fékk aðalstefnandi aðra lóð í stað hæsnahúslóðarinnar hjá eigendum Nýjabæjar.

2.2.

KRÖFUR, MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Í aðalsök er þess krafist af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum 3.807.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í aðalsök er þess krafist af hálfu aðalstefnda, að hann verði sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda.

Af hálfu gagnstefnanda er þess krafist í gagnsök, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda 384.657 krónur auk 16% ársvaxta frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Gagnkrafan sundurliðast þannig:

1. Brunavarsla skv. reikningi	35.156 krónur.
2. Ýting og jöfnun skv. reikningi	92.421 króna
3. Brottflutningur á brunarústum o. fl. samkvæmt reikningi	257.080 krónur

Samtals 384.657 krónur

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að heilbrigðisyfirvöldum hafi verið stjórnarfarslega heimilt að brenna hús aðalstefnanda á hans kostnað. Um hafi verið að ræða ólögmeitt ástand og grófa sök og vanrækslu af hálfu aðalstefnanda á þeirri skyldu að halda húsum sínum lausum við meindýr, aðalstefnanda hafi ekki aðeins borið að bera kostnað af eyðingu hússins, heldur einnig að þola hana bótalaut.

Af hálfu gagnstefnanda er í þessu efni vitnað í 2. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 10. gr. og 5. tl. 10. gr. laga 12/1969 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, eftirtalin ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, sbr. 9. gr. nefndra laga, 26. gr., einkum 11. og 12. tl., 27. gr., 28. gr., einkum 1. tl., 3. tl. 40. gr., 1. tl. 45. gr., 78. gr., 79. gr., 80. gr., einkum 1. tl., 82. gr., einkum 1. tl., og 161. gr., einkum 2. tl., svo og 1. og 3. mgr. 29. gr. heilbrigðis-samþykktar fyrir Seltjarnarneshrepp nr. 59/1961, sbr. 19. gr. laga 12/1969 og 2. tl. 213. gr. reglugerðar nr. 45/1972. Þá hefur af hálfu gagnstefnanda verið vísað til grunnreglna grenndar-réttar og því haldið fram, að brýnir almannahagsmunir hafi knúið á um skjótar aðgerðir.

Af hálfu aðalstefnanda er því aðallega haldið fram, að ekki hafi verið tekin lögleg ákvörðun um brennuna, heilbrigðisnefnd hafi engin fyrirmæli gefið, en til vara, þótt litið yrði svo á, að slík ákvörðun hefði verið tekin, að sú ákvörðun sé þá haldin formlegum og efnislegum annmörkum. Því er haldið fram, að slíka ákvörðun skorti stoð í lögum, að heilbrigðisnefnd hafi ekki vald til slíkrar eyðingar verðmæta, að um hafi verið að ræða brot á meginreglum um stjórnvaldsáskvarðanir og framkvæmd þeirra og að ekki hafi verið gætt réttra aðferða; fyrst hefði orðið að taka málið til meðferðar í heilbrigðisnefnd, síðan hefði átt að gefa aðilja kost á að skýra málið frá sínu sjónarmiði og loks hefði átt að leita úrlausnar dómstóla samkvæmt reglum laga um brottám ólögmeits ástands. Þá er því haldið fram, að

ekki hafi verið gætt réttra stjórnvaldssjónarmiða og að með brennunnj hafi gagnstefnanda (sic) verið valdið tjóni á ólögmetan og bótaskyldan hátt; ekkert tilefni, sem undanþiggi bótaábyrgð, hafi verið til, að húsinu var eytt. Þá hefur verið látið að því liggja, að annarleg sjónarmið hafi ráðið ákvörðun bæjaryfirvalda, en af hálfu bæjaryfirvalda er þeirri málsástæðu harðlega andmælt.

2.3.

Ingimundur K. Helgason varðstjóri segir, að hann hafi litið inn í hænsnahúsið skömmu fyrir 25. júní 1976, og kveður þá hafa verið þar stórar rottur í tugatali innan um hænsnin og umgengni og daun vægast sagt ótrúlegan. Hann sagðist ekki hafa séð betur en að ekki hefði verið þrifið hjá hænsnunum í marga mánuði eða jafnvel árum saman.

Í skýrslu Sveins Björnssonar yfirlögregluþjóns segir, að þegar hann kom að hænsnahúsinu þann 26. júní 1976, hafi sést mikill óþrifnaður, hænsnataðið hafi legið í þykkum lögum í stíunum, um það bil fet eða meira. Hann segir, að þarna hafi verið stærstu rottur, sem hann hafi séð, í hundraðatali og lyktin þannig, að slegið hafi fyrir brjóst. Hann nefnir, að íbúðarhús séu á alla vegu stutt frá þessum stað og töluverður óræktarblettur í kringum húsið, þar sem mikið af börnum hafi verið að leik. Þann 4. ágúst fór Sveinn aftur á vettvang og segir, að þá hafi legið dauðar rottur um allt inni í húsinu og utan þess. Niðurstaða hans og Ingimundar Helgasonar varðstjóra var sú, að húsið þyrfti að rífa og fjarlægja óþrifnaðinn.

Í skýrslu Jóhannesar Long heilbrigðisfulltrúa, dags. 6. ágúst 1976, segir, að við skoðun, sem fram fór þann dag, hafi hann orðið var við dauðar rottur á víð og dreif, sem margar hafi verið farnar að rotna. Hann taldi, að mikið væri af dauðum rottum í illgresi umhverfis húsið. Hann kveður þykkt lag hafa verið af hænsnaskít á gólfum og í varphólfum.

Í niðurlagi skýrslunnar segir svo orðrétt:

„Af upptöldum ástæðum tel ég, að af þessu stafi geisileg smit-hætta, þar sem að greiður aðgangur er að húsinu og lóð þess, bæði fólki, smádýrum og skordýrum, og þannig gæti smit borizt inn í aðliggjandi hús og einnig gæti borizt með rottumaur, sem er vaxandi vandamál hérlendis. Rottumaur leggst á fólk, þegar rottunnar nýtur ekki lengur við. Ennþá er þó nokkuð magn af rottueitri í hænsnahúsinu, og einnig eru rotturnar full-

ar af eitri. Það rottueitur, sem notað er í dag, kemur af stað innri blæðingum, er seinverkandi og gæti verið mjög hættulegt fólki og dýrum. Að mínu mati er engin lausn á vandamálinu að loka húsinu. Það eina, sem dygði, er að brenna það og þekja síðan lóðina jarðvegi.“

Þessa skýrslu hefur heilbrigðisfulltrúinn staðfest fyrir dóm-inum.

Í skýrslu Ásmundar Reykdal, dags. 5. ágúst 1975, segir, að hann hafi þann 4. ágúst 1976 tilkynnt Ingimundi Kr. Helgasyni varðstjóra, að hann álitir, að allar rottur væru dauðar og að nú þyrfti að fjarlægja húsið. Í skýrslunni segir, að dauðar rottur liggi eins og hráviði bæði inni í húsinu og jafnvel utan við það. Hann kveðst telja, að mikill fjöldi af dauðum rottum hljóti að vera á milli þils og veggja og í rottugrenjum í gólfi og rjáfri. Þá segir, að þar sem ein vika sé liðin frá því að fyrstu rotturnar muni hafa drepist, megi búast við, að hræin fari að úldna og flugur að sækja í þau. Hann kveðst þess vegna leggja til, að húsið verði brennt við fyrsta tækifæri, því fyrr því betra, vegna hættu á, að alls kyns óþverri kvikni í þessu. Hann bendir á, að rottur séu miklir smitberar og að þar sem húsið haldi hvorki vatni né vindi og sé opið hverjum sem er, sé nauðsyn ennþá meiri að brenna það. Hann tekur fram, að ef ekki sé hægt að brenna húsið innan fárra daga, telji hann nauðsynlegt að dreifa skor-dýraeitri. Hann tekur fram, að ekki sé aðeins mikilvægt, að húsið sé brennt og rústirnar færðar á sorphauga, heldur þurfi einnig að fjarlægja gróður úr næsta nágrenni við húsið. Hann kveður hafa verið notuð 25 kg af calCIFerol, 0.1%, og 27 kg af dycosat, 0.025%.

Í grein í Dagblaðinu frá því í september 1976 er haft eftir Ásmundi Reykdal, að calCIFerol sé D vítamín, sem verki þannig á öll nagdýr, að þau drepist, þegar þau éti af því, en að önnur dýr og menn þurfi að neyta mjög mikils magns af efninu, til að það skaði þau.

Hér fyrir dómi hefur Ásmundur haldið því fram, að í grein þessari sé ekki rétt eftir sér haft, að calCIFerol sé hættulaust mönnum og stærri dýrum.

Hann hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi.

Gagnstefnandi kveðst hafa nokkra reynslu af rottueyðingu vegna starfa sinna á stórum togurum um 30 ára skeið, m. a. með blásýrugasi. Hann segir, að engrar lyktar eða eftirkasta hafi orðið vart, þó að margar rottur dræpust milli þils og skipssíðu

og í krókum og kimum, enda hafi þetta sannast við næstu flokk-unarviðgerð, þá hafi rotturnar fundist visnaðar eins og pappírs-snepill bak þilja.

Gagnstefnandi (sic) heldur því fram, að ekkert óeðlilegt sé við, að hænsnatað sé látið safnast fyrir allt að einu ári í senn og að sterk lykt, sem lagði af taðinu, hafi stafað af því, að vatn komst í það. Gagnstefnandi (sic) kveðst hafa gert þannig við húsið, eftir að hann eignaðist það, að það hafi verið rottuhelt, þar til farið var að brjóta í því rúður.

2.4.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt 10. gr. laga 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skulu í heilbrigðisreglugerð m. a. vera almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað utanhúss, svo sem á opnum svæðum í þéttbýli og görðum og lóðum kringum hús, svo og um meindýr hvers konar og gripahús. Í heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga 12/1969 og gildir samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar fyrir allt Ísland ásamt með landhelgi og loft-helgi, eru ákvæði, eins og hér greinir, sem hér þykja skipta máli. Samkvæmt 11. og 12. tl. 26. gr. og 1., 2. og 3. tl. 76. gr. er það hlutverk heilbrigðisnefndar að gera ráðstafanir til upp-rætingar hvers konar meindýra úr húsum og mæla fyrir um að-gerðir til upprætingar á rottum. Nefndin getur í þessu skyni bannað afnot húsnæðis, uns dýrin hafa verið upprætt, og kraf-ist þess, að hús séu gerð rottuheld. Samkvæmt 1. tl. 79. gr. skulu húsráðendur og umráðamenn lóða halda húsum sínum og eign-um lausum við meindýr eftir föngum, m. a. með því að gera hús-in rottuheld. Samkvæmt 2. tl. 79. gr. skal tilkynna heilbrigðis-nefnd, ef meindýra verður vart, og gera ráðstafanir til útrým-ingar dýrunum í samræmi við fyrirmæli nefndarinnar. Þegar þurfa þykir, skal gera sérstakar ráðstafanir til útrýmingar á rott-um og músum í einstökum sveitarfélögum eða hluta þeirra (1. mgr. 80. gr.).

Í 2. kafla reglugerðarinnar er kveðið á um hreinlæti og þrifnað utanhúss. Samkvæmt 2. tl. 40. gr. getur nefndin krafist lag-færinga og viðgerða á lóðum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar og hefur almenna þýðingu. Samkvæmt 3. tl. sömu greinar er nefndinni enn fremur heimilt að fyrirskipa nið-urrif húsa og girðinga, ef sérstök ástæða er til. Samkvæmt 2. tl. 42. gr. getur sveitarstjórn látið hreinsa einkalóðir á kostnað

eiganda, ef þess gerist þörf. Samkvæmt 1. tl. 45. gr. má eigi hafa á almannaferi fiskifang eða annað, sem óþef eða óþrifnaði getur valdið. Samkvæmt 2. tl. 161. gr. skal rottum og öðrum meindýrum tafarlaust útrýmt úr peningshúsum. Í 18. kafla, sem fjallar um meðferð og sölu matvæla og annarra neysluvara, er í 3. tl. 164. gr. kveðið á um, að húsakynni skuli vera rottu- og músaheld.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðis-samþykkt, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði og innheimta síðan hjá hlutaðeigandi, 2. mgr. 17. gr. laga 12/1969 og 4. og 5. tl. 210. gr. reglugerðar 45/1972.

Samkvæmt 19. gr. laga 12/1969 skyldu heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, þar til heilbrigðisreglugerð fyrir allt landið hefði tekið gildi. Með 2. tl. 213. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 eru ýmsar heilbrigðissamþykktir felldar úr gildi, þ. á m. reglugerð 59/1961 fyrir Seltjarnarneshrepp, að undanteknum þeim ákvæðum, sem ganga lengra en samsvarandi ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.

Samkvæmt 29. gr. heilbrigðissamþykktar nr. 59/1961 er húsráðendum skylt að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

Í lögum nr. 27/1945 er kveðið svo á í 1. gr., að bæjar- og sveitarstjórnir skuli gangast fyrir því undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnarinnar, að rottum sé eytt. Samkvæmt 2. gr. laganna skal eyðing á rottum framkvæmd á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs. Samkvæmt 3. gr. skal við eitrun aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepnum, sem þyngri eru en 1 kg. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterkari eiturtegunda, þar sem rottufaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

Í lögum nr. 12/1969 er ekki kveðið á um bótaskyldu vegna tjóns, sem leiðir af framkvæmd laganna og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim. Löggin virðast þó á því byggð, að eigi skuli koma bætur vegna fyrirmæla heilbrigðisreglugerðar um atriði þau, sem talin eru í 10. gr. laganna.

Samkvæmt 67. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 33/1944 má engan skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji.

Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Þetta ákvæði hefur jafnan verið skilið á þann veg, að það væri ekki því til fyrirstöðu, að mönnum væri í lögum gert skylt að þola umtalsverðar eignaskerðingar og fjárútlát vegna sóttvarnaaðgerða og af heilbrigðisástæðum annars.

Fram hefur komið, að af hálfu gagnstefnanda var farið að amast við byggingum aðalstefnanda vegna fyrirhugaðrar byggðar samkvæmt nýju skipulagi. Ef til þess hefði komið, að byggingar aðalstefnanda hefðu orðið að víkja af skipulagsástæðum, virðist hann hafa átt rétt á fullri greiðslu fyrir húsin, enda hefðu þau þá orðið eign bæjarsjóðs, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 28. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Eins og síðar verður rakið, verður að álíta, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir verulegu tjóni vegna aðgerða gagnstefnanda. Eins og áður greinir, er ekki skýrt kveðið á um bótarétt vegna tjóns, sem leiðir af framkvæmd heilbrigðislöggjafarinnar.

Verði maður fyrir tjóni vegna aðgerða, sem helgast af neyðarrétti, ber honum bætur úr hendi þess, sem nýtur góðs af aðgerðunum, og getur þetta átt við eftir atvikum um aðgerðir hins opinbera, t. d. varðandi brunavarnir. Sú eyðing verðmæta, sem hér um ræðir, virðist hafa átt sér stað í þágu sveitarfélagsins í heild.

Aðalstefnandi virðist engin fyrirmæli hafa fengið frá heilbrigðisyfirvöldum um rottueyðingu eða um eyðingu verðmæta sinna. Þótt ákvæði laga 12/1969 séu, eins og að framan er rakið, reist á því, að ekki skuli koma bætur fyrir tjón, sem leiðir af framkvæmd laganna og reglugerðarinnar, virðist varhugavert að fullyrða, að í því efni sé miðað við svo stórkostleg eignaspjöll sem hér ræðir um og svo óvenjulegar aðgerðir.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af þeim meginsjónarmiðum, sem hafa ber í huga, þegar ákvörðuð eru mörk þeirra eignaskerðinga, sem menn verða að þola bóta-laust vegna almannahagsmuna, og þeirra einstöku eignaskerðinga, sem bæta ber fullum bótum, og einkum með þau réttlætis- og jafnréttissjónarmið í huga, sem ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar hvíla á, þykir verða að fallast á það með aðalstefnanda, að hann eigi rétt á bótum úr hendi gagnstefnanda vegna eyðingar verðmæta þeirra, sem brennd voru og fjarlægð.

Jafnframt þykir, eftir því sem að framan er rakið, bera að sýkna gagnstefnda af kröfum um greiðslu kostnaðar við eignaspjöllin. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykja ekki efni til að

taka afstöðu til þeirra málsástæðna, sem byggjast á því, að aðgerðir gagnstefnanda hafi verið ólögmætar og haldnar efnislegum og formlegum annmörkum. Þá þykja sjónarmið varðandi ábyrgð aðalstefnanda vegna ólögmæts ástands, sem hafi leitt af margendurteknum skemmdarverkum á húseign hans, ekki geta breytt þessari niðurstöðu, enda virðist það ástand, sem gagnstefnandi telur hafa gert að verkum, að eyðing hússins þoldi enga bið, beinlínis hafa leitt af því, hvernig rottueyðingunni var hagað, og ekki verður séð, að aðalstefnandi eða aðiljar, sem hann ber ábyrgð á, hafi firrt sig bótarétti með ámælisverðu athæfi í því, hvernig snúist var við þeim vanda, sem leiddi af skemmdarverkum þeim, sem þeir urðu að þola, eða með óhlýðni við lögleg boð yfirvalda. Á hinn bóginn virðist aðalstefnandi ekki eiga rétt til bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa orðið fyrir af rottueitruninni, samkvæmt áðurgreindum megin sjónarmiðum, sem lög 12/1969 byggjast á.

Gagnstefnandi (sic) hefur fengið framseldan bótarétt leigutaka.

3.0.

TJÓN AÐALSTEFNANDA
OG BÆTUR.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

A. Hús	kr. 2.953.000
B. Lauslegt, ýmislegt	— 500.000
C. Miðstöðvarlögn og brynningartæki	— 290.000
D. Hænsnatað	— 64.000

Samtals kr. 3.807.000

Af hálfu aðalstefnda er kröfum aðalstefnanda mótmælt sem allt of háum, af gögnum málsins verði ráðið, að húsið hafi verið mjög lítils virði, bæði vegna aldurs, viðhaldsskorts og skemmdarverka, sem á því hefðu verið unnin. Því er haldið fram, að þau verðmæti, sem talin eru undir lið B í sundurliðuninni, séu annað hvort hluti fasteignarinnar eða fylgifé, að vafamál sé, hvort sumir af þessum hlutum hafi nokkurt verðgildi eða að þeir hafi yfir höfuð verið í húsinu. Varðandi verðmæti í lið C er því haldið fram, að um sé að ræða hluta fasteignarinnar auk þess sem ósannað sé með öllu, að verðmæti þessi hafi verið til staðar. Lið D er mótmælt sem allt of háum, enda hafi hænsnataðið verið með öllu óhæft til notkunar sem áburður á gróður, eftir að eitri hafði verið dreift í það.

Af hálfu aðalstefnanda er áhersla lögð á, að aðalstefndi hafi komið í veg fyrir, að upplýst yrði um verðmæti þessi með eyðingu þeirra, og að af þeim sökum hljóti sönnunarbyrgðin að hvíla á honum um, að það sé minna virði en fram er haldið af hálfu aðalstefnanda.

Í fasteignamatsbók er húsið talið 800 rúmmetrar og matsverð hæsnahússins 193.000 krónur. Brunabótamat fór fram 29. október 1955, og var húsið þá metið á 200.000 krónur. Lýsing á húsinu er á þá leið, að um sé að ræða hæsnahús úr asbestplötum með tvöföldum veggjum, stoppuðum, og steyptu gólfi og útbyggingu eða viðauka að vestan úr sama efni. „Við austurenda aðalhússins hefur verið bætt útbyggingu, sem er járnklædd.“ Síðan er vitnað í virðingu frá 11. september 1943. Loks er tekið fram, að eldstæði séu engin og að rafmagn sé notað til ljósa.

Samkvæmt tilkynningu Brunabótafélagsins var váttryggingarupphæð hússins þann 25. október 1975 2.953.000 krónur. Samkvæmt bréfi Brunabótafélagsins, dagsettu 11. maí 1978, til lögmanns aðalstefnanda var félaginu tilkynnt í október 1975, að húsið væri í mikilli niðurniðslu og hirðuleysi og að váttryggingarupphæðin væri óraunhæf. Var Stefáni Ágústssyn, sem annast umboð þess á Seltjarnarnesi, en er jafnframt starfsmaður gagnstefnanda, falið að hafa samband við matsmenn hreppsins og láta úrskurða um ástand hússins. Síðar tilkynnti Stefán, að húsið gæti ekki talist tryggingarhæft í því ástandi sem það væri samkvæmt ályktun matsmanna. Var þá ákveðið að fella niður brunatryggingu hússins og Stefáni falið að tilkynna eiganda hússins, að eignin yrði felld úr tryggingu frá og með 15. október 1975.

Í bréfi Stefáns Ágústssonar til lögmanns gagnstefnanda segir, að ákvörðun um niðurfellingu brunatryggingar hafi verið tekin í samráði við Grétar Jónsson, fulltrúa hjá Brunabótafélagi Íslands, og í samráði við báða hina matsmennina. Hann segir, að matsmennirnir hafi ekki komið því við að fara allir á staðinn saman, en kveður hina matsmennina hafa notað fyrsta tækifæri, sem þeim gafst, til að skoða húsið. Hinir matsmennirnir hafa komið fyrir dóminn, og segja þeir, að þeir hafi aldrei skoðað húsið.

Áður en til þess kom, að húsið yrði fellt úr tryggingu, hafði aðalstefnanda verið tilkynnt um hækkun á brunabótamatsverðinu, en hann hafði óskað eftir, að sú ákvörðun yrði endurskoðuð, þannig að tryggingarfjárhæðin yrði óbreytt, þar sem hann taldi, að verðmæti hússins hefði ekki fylgt eftir almennum hækkunum

á húsverði. Ákveðið var, að brunabótamatið hækkaði í 4.164.000 krónur fyrir tímabilið 15. október 1975 til 15. október 1976.

Í samningnum frá 12. maí 1954 er kaupverð hússins talið 88.000 krónur. Samkvæmt leigusamningi 19. apríl 1972 var leiga fyrir húsið ákveðin 8.000 krónur á mánuði, og virðist hún hafa verið óbreytt, þar til þeim leigusamningi var slitið. Árið 1972 virðist hafa verið lögð heimtaug fyrir kranavatn í húsið á vegum Hita-veitu Seltjarnarness.

Í aðiljaskýrslu aðalstefnanda 10. apríl 1978 segir, að um það bil 18 árum áður hafi hann látið tvöfalda fóðurgeymslu og byggja við húsið 55 m², að því er hann minnir, og 12 m² fyrir ungauppeldi að auki.

Aðalstefnandi segir, að asbest hafi verið utan á öllu húsinu, þegar hann keypti það, og þakið einnig að mestu leyti úr asbesti Hann segir, að það, sem hann hafi byggt við húsið, hafi verið úr timbri og járn. Hann segir, að þakið hafi verið einangrað með spónum og tré. Húsið virðist ekki hafa verið endurmetið til brunabóta, eftir að bætt var við það. Austan við aðalhúsið kveður aðalstefnandi hafa verið þrjá ungakofa. Hann segist hafa lagt vatnslögn í allar stíur og útbúið brynningartæki. Hann segir, að leigjandi sinn hafi sett sjálfbrynningartæki úr kopar í húsið.

Samkvæmt lögregluskýrslu 25. júlí 1976 var þá búið að brjóta allar rúður í suðurhlið hússins og einnig stoðir og útveggi.

Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði, dags. 26. júlí 1976, segir, að hluti af hlið hússins virðist hrúninn, en að vegna fúa og elli hafi ekki þurft mikið við það að koma.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af þrem piltum, sem viðurkenndu að hafa skemmt húsið, segir, að þeir hafi sparkað í suðurhlið hússins og brotið meira og minna, lítið hafi þurt til að brjóta stoðir og útveggi, þar sem hvort tveggja hafi verið grautfúíð.

Í vitnaskýrslu Ingimundar K. Helgasonar lögreglumanns segir, að norðurhlið hússins hafi verið járnklædd, en að suðurhliðin hafi verið úr trégrind, klæddri asbesti utan og innan, stoðir hafi verið fúnar niður við gólf, asbest, rúður og svefnprik brotin og húsið sligað undir þunga þaksins.

Í skýrslu Jóhannesar Long, dags. 6. ágúst 1976, segir, að rúður séu brotnar, útveggir skemmdir og húsið í mikilli niðurníðsiu, því hafi greinilega ekki verið haldið við í mörg ár, enda sé það gegnsósa af raka og öðru ógeði, vegg- og þakeinangrun liggja víða úti, enda klæðning víða farin að detta af vegna fúa og undirstöðuleysis.

Jóhannes Long segir, að sér hafi virst, að viðhald hafi ekki átt sér stað í mjög langan tíma og að húsinu hafi lítil virðing og sómi verið sýndur. Hann segist hafa orðið var við raka og fúa í burðarviðum. Hann segir, að húsið hafi verið gegnsósa af óhreindum og skít.

Ásmundur Reykdal segir, að að sínu mati hafi þetta verið algerlega ónýtt húsnæði, allt meira og minna brotið.

Leigutakinn, Ingólfur Hannesson, segir, að sumt af húsinu hafi verið múrhúðað, annað byggt á stafi með asbesti að utan og innan og asbest á þakinu. Hann segir, að sumt af húsinu hafi verið klætt með járn. Hann segir, að sumstaðar hafi verið svolítil bleyta í þakinu, eftir að þakið hafði verið brotið, annars segist hann ekki hafa séð fúa.

Bæjarstjórinn segir, að útlit hússins hafi borið með sér, að þetta væru ekki hús til frambúðar eða sem gætu þjónað sínu hlutverki lengur.

Pórður Hjartarson húsasmiður, bróðursonur aðalstefnanda, sem aðalstefnandi hafði fengið til að gera við húsið fyrir sig, segir, að ekki hafi verið hægt að leggja mikið í viðgerðina, en að húsið hafi verið í ágætu ástandi áður, það hafi að vísu verið gamalt og farið að gefa sig, en þó ekkert til fyrirstöðu að gera við það. Hann segir, að húsinu hafi alltaf verið haldið við og að það hafi ekki verið látið drabbast niður. Hann segir, að mjög gott járn hafi verið á þaki aðalhússins.

Af hálfu aðalstefnanda hefur verið lagður fram listi yfir lausafé, sem hann krefst bóta fyrir. Í þessum lista eru m. a. talin eldhúsbörð með skúffum, sem virðist vera hluti af eldhúsinnréttingu, vaskur, sem fram hefur komið, að muni hafa verið brotinn, þegar húsið var brennt, hillur fyrir egg í bökkum, 400 m svefnprik fyrir hænur og unga, 200 m uppistöður fyrir palla, 400 m pallborð undir svefnprikum, 270 hreiður fyrir varphænur, rafbún- aður, þar með talin straumbreytir, rafmagnsklukka, rafmagnstöflur, ljósastæði með fattningum og perum, útluktir við eldhús og fóðurgeymslu og tenglar. Varðandi vatnsleiðslu eru taldir 50 m af galvaniseruðum rörum, 26 sjálfbryningartæki og þrýstijafnari fyrir drykkjarvatn, 3 stórir fósturhjálmur og 6 „fóstrur“, 8 samtengi og 3 perustæði. Enn fremur eru talin ýmiss konar verkfæri, bæði viðvíkjandi hæsnaræktinni og öðru, stigar, 120 faðmar stálvír, perur og saumur svo og netakork, hrossleggir og neta-teinar, sem aðalstefnandi segir, að átt hafi að fara á minjasafn. Þá eru talin varastykki í vatnslögn og margt fleira.

Samkvæmt yfirlýsingu frá 18. mars 1977 telur Ingólfur Hannesson sig hafa átt miðstöðvarlögn eftir öllu húsinu ásamt sjálfvirkum hitastillum, Danfoss, að verðmæti u. þ. b. 250 þús. krónur, svo og brynningartæki fyrir hænsni í 10 stíum, að verðmæti 40 þús. krónur.

Við yfirheyrslur í málinu var spurt allnákvæmlega um lausafé þetta, en þær yfirheyrslur báru ekki mikinn árangur, þannig að það, sem þar kom fram, bætti litlu við þær upplýsingar, sem liggja fyrir í gögnum málsins. Þannig virðast þessar upplýsingar ekki útiloka, að nefndir lausamunir hafi verið í húsunum, en frekar virðast þær benda til, að munir þessir hafi yfirleitt verið gamlir og fremur lítills virði. Gögn málsins virðast benda til, að mjög mikið af taði hafi verið í húsinu, en að það hafi að nokkru leyti verið blautt og í því hafi verið bæði allmikið af eitri og dauðum rottum.

Eins og ljóst má vera af því, sem hér hefur verið rakið, eru mjög ófullkomnar upplýsingar fyrir hendi um verðmæti þess, sem eyddist í brunanum.

Eina matið, sem virðist taka til allrar húseignarinnar, er fasteignamatið, en ætla verður, að það hafi á þessum tíma almennt verið óeðlilega lágt miðað við raunvirði fasteigna. Brunabótamatið byggist á virðingu, sem fór fram um 20 árum áður en húsið var brennt og áður en það var stækkað. Hins vegar var húsið aðeins rúmlega 10 ára gamalt, þegar matið fór fram, og virðist mega ætla af gögnum málsins, að það hafi verið orðið mjög lélegt, þegar það var brennt. Virðist margt benda til, að komið hafi verið að lokum endingartíma hússins, auk þess sem það hafði verið stórskemmt, en að sjálfsgöðu ber gagnstefnandi ekki ábyrgð á þeim spjöllum, sem stafa af þeim skemmdarverkum.

Aðalstefnandi hefur engar upplýsingar gefið um verðmæti hænsnataðsins, þótt ætla verði, að hægt hefði verið að afla gagna um viðskipti með húsdýraáburð á því tímabili, sem hér skiptir máli, auk þess sem efasamt er, að taðið hafi verið söluhæf vara. Af þessum sökum og með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu aðalstefnanda í 3 tl.

Að öðru leyti verður óhjákvæmilegt, eins og á stendur, að áætla tjón aðalstefnanda með meiri ónákvæmni en almennt er í dómsmálum.

Við skiptingu sönnunarbyrðarinnar verður fyrst og fremst að líta til þess, að gagnstefnandi gaf engan kost á, að verðmæti væru skoðuð, áður en þeim var eytt. Við ákvörðun bótafjárhæðar þykir

bera að fara eftir grunnreglu 5. mgr. 11. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Að því leyti sem aðalstefnandi þykir hafa vanrækt að gera það, sem með sanngirni má ætlast til af honum til að upplýsa um tjón sitt, kann að vera, að hann hljóti að bera nokkurn halla af upplýsingaskorti.

Upplýsingar vantar um, að hve miklu leyti sumir þeir munir, sem krafist er bóta fyrir í 2. tl., eru innifaldir í brunabótamati og einkum þó fasteignamati.

Þykir rétt að meta tjón á lausafé og fasteign í einu lagi.

Þykja bætur til aðalstefnanda hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur auk 13% ársvaxta frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnaður í báðum sökum, 350.000 króna.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefndi skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndi, bæjarstjórn Seltjarnarness, greiði fyrir hönd bæjarsjóðs Seltjarnarness aðalstefnanda, Steindóri Árnasyni, 1.500.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og 350.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 177/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Einari Þórðarsyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.